

Grímsnes-og Grafningshreppur
Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi
Borg
801 Selfoss



Reykjavík, 27. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141100114/bs

Framkvæmdaleyfi - borun á niðurrennslisholu á Nesjavöllum. Umsögn

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 18. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um beiðni Orku Náttúrunnar um framkvæmdaleyfi fyrir nýrri niðurrennslisholu eða svelgholu á lóð orkuvers Nesjavallavirkjunar í samræmi við reglugerð nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns með síðari breytingum.

Markmið ON er að bora niðurrennslisholu sem fódruð yrði niður fyrir efra grunnvatnskerfi niður í neðra grunnvatnskerfið. Með þessari framkvæmd væri unnt að koma um 40 l/s með varanlegum hætti niður í neðra grunnvatnskerfið í stað þess að losa þetta magn í grunna svelgholu.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hér sé stigið skref í þá átt að losa allt borholuvatn niður í neðra grunnvatnskerfið og muni framkvæmdin að líkindum stuðla að minni áhrifum Nesjavallavirkjunar á Þingvallavatn og vatnasvið þess.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
sérfræðingur